

Nd.

434. Nefndarálit

[63. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Með frv. þessu er lagt til að auka fjölda bifreiða til öryrkja, sem njóta eiga eftirgjafar tolla og aðflutningsgjalda, úr 350 í 400 bifreiðar á ári. Lækkun gjalda á bifreið gæti numið 1 milljón króna í stað 500 þús. kr. nú. Breyting er gerð á nefnd þeirri sem úrskurða á umsóknir og gera tillögur um eftirgjöf, þannig að í nefndinni verði fimm menn í stað þriggja áður.

Fjárhags- og viðskiptanefnd mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 7. mars 1979.

Lúðvík Jósepsson,
form.

Kjartan Ólafsson.

Halldór E. Sigurðsson,
fundaskr., frsm.

Vilmundur Gylfason.

Matthías Á. Mathiesen.

Finnur Torfi Stefánsson.

Ólafur G. Einarsson.